



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Íris Stefánsdóttir
Fjallabyggð

Akureyri, 10. apríl 2024
MÍ202403-0156/ 6.09 / S.G.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Siglufjarðar

Í Skipulagsgáttinni er nú til kynningar breyting á deiliskipulagi miðbæjar Siglufjarðar. Hægt var að hlaða niður skipulagsuppdraetti dagsettum 13. mars 2024.

Árið 2021 vann Landmótun ehf. frumhönnun á miðbæ Siglufjarðar út frá samþykktu deiliskipulagi miðbæjarins frá 2017. Í þeirri vinnu voru gerðar nokkrar breytingar á áður samþykktu deiliskipulagi, í samráði við hagaðila og íbúa sem kynntar voru á opnum fundum. Í framhaldi af þeirri vinnu gleymdist að auglýsta breytingu á deiliskipulagi og er það gert hér með.

Fornleifaskráning hefur verið unnin á Siglufirði sjá Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2005. *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I*. Fornleifastofnun Íslands, FS284-04041 sem uppfyllir þó ekki staðla Minjastofnunar vegna skráningar á vettvangi. Ekki var fari framhá uppfærslu á skráningu þegar skipulagið kom inn til umsagnar 2017. Til er húsakönnun fyrir svæðið, sjá *Húsaskráning Siglufjarðar 1. Áfangi* Kanon Arkitektar 2017. Engin hús eru innan þess svæðið sem breytingin nær til.

Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.

Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra